

## Skrá 34. Jarðabætur

### **Þjóðháttskráning Þjóðminjasafnsins.**

#### **34. spurningaskrá.**

##### **Inngangur.**

Spurningaskrá óskar eftir fróðleik um jarðabætur með handverkfærum og hestaverkfærum. Jarðabætur, einkum túnasléttur, hefjast að marki á síðara hluta 19. aldar og aukast síðan ár frá ári uns raunveruleg bylting á sviði jarðræktar verður á þessri öld með atbeina vélknúinna jarðvinnslutækja. Af eigin raun eru nú fáir til vitnis um upphaf jarðabóta, en þó voru bændur nokkuð misfljótir með að ráðast til atlögu við þúfnakargann í túninu.

Merkur þáttur í jarðabótum hérlendis gerist í þorpum og kaupstöðum, þar sem fjölmargir einstaklingar fengu sér landskika til að rækta í tún og ráku svo smábúskap með atvinnu sinni til að drýgja naumar tekjur. Fróðleikur um það efni er eigi síður gagnlegur en greinargerð um jarðabætur á bændabýlum.

##### **Gamla túnið.**

Segið frá gamla túninu eins og það var, áður en jarðabætur og útfærslur túna hefjast. Lýsið því, hvernig gildi jarðar var metið eftir því hvort hún var góð túnajörð eða engjajörð. Var rætt um gildi einstakra grasa og jurta í túni til fóðurs? Lýsið mörkum túns og útjarðar þar sem grösín voru á mörkum þess að vera taða eða töðugæf og úthey. Var orðið samriskja, eða annað í stað þess, notað um slíka blöndun grasa? Voru ákveðin orð notuð um tún eftir stærð þess (kragi kringum bæinn, túnbleðill, túnflæmi o.s.frv.)? Þekktist orðið heimatak um tún? Sáust merki um forna túngarða í túni eða utan túns? Voru túnblettir, girtir eða ógirtir, utan gamla heimatúnsins? Báru þeir sérstök heiti (Fjárhústún, Lambhústún, Stekkatún o.s.frv.)? Voru ákveðnir blettir í túnnum, sem báru nöfn eftir áburði, eldsneyti eða notkun utan sláttar (Taðbali, Eldiviðarbali, Ullarbali o.s.frv.)?

Lýsið aðstæðum þar sem lækur eða lækjarfarvegur rann gegnum túnið og hætta gat verið á aurrennsli. Kom fyrir að slíkir farvegir væru hlaðnir upp í stokk til að varna aurrennsli í leysingum að vetri, eða vori? Var með einhverjum hætti reynt að koma í veg fyrir skriðurennsli á brekkutún? Báru tún merki þess að í þeim hefði verið borin saman skriðumöl í hóla við vorhreinsun túns? Sáust fornir áveitustokkar (skurðir) í gömlum túnnum eða að gömlum túnnum?

Hvað nefndist heimreið að bænum (traðir t.d.)? Hvernig tengdist hún bænum eða bæjarhlaði? Var t.d. hestarétt tengd heimreið við bæinn?

##### **Jarðabætur**

Voru orðin jarðabætur og jarðabótavinna notuð um ræktunarstörf yfirleitt (túnasléttur, skurðgröft, girðingar o.s.frv.)? Talað hefur verið um það að brjóta land til ræktunar. Felst einkum í því að plægja og herfa land til sáningar? Var hugtakið einnig notað um það t.d., er menn ruddu með handverkfærum grjóti úr nýræktarspildum?

Mótaðist álit á einstökum bændum af því, hve þeir voru dugmiklir við að bæta ábylisjarðir sínar? Hafði fordæmi einstakra bænda í jarðabótum mikil áhrif í þá átt að örfa aðra bændur til sama framtaks? Nefnið dæmi um þetta ef tök eru á. Höfðu tímarit og fræðslurit um landbúnað greinileg árif varðandi aukna og bættu túnrækt? Hafði greiðsla jarðabótastyrks mjög örfandi áhrif á þessu sviði? Hvað er að segja um áhrif búfræðinga og búnaðarráðunauta?

Lýsið því hversu jarðabætur áttu þátt í aukinni hagsæld bænda. Voru dæmi þess að jarðeigendur létu leiguliðum sínum með einhverjum hætti laun í té ef þeir bættu ábylisjarðir sínar með ræktun eða öðrum þörfum framkvæmdum?

Gerðu bændur áætlun um að koma ákveðinni landstærð í ræktun árlega eða slétta ákveðna spildu í túni? Héldu bændur dagbók um jarðabótavinnu?

### **Handverkfæri.**

Segið frá handverkfærum, sem notuð voru við jarðabætur. Greinið frá nöfnum þeirra. Segið sérstaklega frá þeim, sem voru heimasmiðuð. Önnuðust einstakir smiðir um smíði á t.d. undirristuspöðum? Voru notaðir heimasmiðaðir skerar við að rista fyrir við túnasléttur? Minnst menn einstakra manna, er fundu upp eða smíðuðu áhöld til að auðvelda jarðabótastörf?

Kunna menn að segja frá því eftir annarra sögn, er skóflublöð (stálskóflur) fóru fyrst að flytjast í verslanir og ná útbreiðslu? Kunna menn að segja frá því, er járnkvíslar voru teknar í notkun við jarðabótastörf?

### **Túnasléttur.**

Lýsið hvernig unnið var að sléttun þýfðra túna og hvernig sléttu spildrunar stækkuðu út frá bænum ár frá ári. Minnst m.a. eftirfarandi atriða: Hefjast túnasléttur á sama tímabili hjá öllum bændum byggðarinnar? Var á einstaka stað um að ræða slétt tún frá fornu fari? Voru dæmi þess að einstakir bændur væru mótfallnir túnasléttun vegna þess að hún minnkaði flatarmál graslendis? Á hvaða árstímum var einkum unnið að túnasléttun? Lýsið á hvern hátt það var háð veðri. Var um samhjálp bænda að ræða við túnasléttur? Hjálpaðist vinnufært fólk á heimili að við túnasléttur (bóndi, húsfreyja, börn, vinnuhjú)? Voru dæmi þess að mönnum væri sett fyrir að skera ofan af eða ljúka ákveðinni spildu á dag að ferfaðmatali? Voru dæmi þess að vinnuhópar færu á mili bæja og ynnu hjá bændum við túnasléttur fyrir ákveðið kaup? Lýsið hvernig unnið var að túnasléttun í áföngum (rist fyrir, skorið ofan af, flagið pælt, borið í, lagt niður o.s.frv.). Segið frá áburði í flög. Var algengt, þar sem þess var kostur að nota fiskslóg í flög?

Voru ákveðin einkenni í vinnutilhögun eða framkvæmd verks, sem tryggja átti góða endingu sléttunnar (beðsléttur með hliðahalla t.d.)? Voru í byrjun oft sléttaðar reinar í því til að auðvelda breiðslu á heyi? Markar enn í túnum fyrir elstu þúfnasléttun? Var sléttun í túnum stundum gefið nafn eftir manni, sem að þeim hafði unnið?

Lýsið sérstaklega starfi manna í þorpum eða kaupstöðum við ræktun túna til eigin nota.

### **Útfærsla, útseta.**

Segið frá fyrstu útfærslu gömlu túnanna og hvernig að henni var unnið varðandi ræktun. Nefndist hún að upphafi eitthvað annað en tún (útseta t.d.)? Lýsið á hvern hátt þetta var e.t.v. tengt áveitum að upphafi, skurðgrefti (holræsum m.a.) með handverkfærum (skófla, kvísl, ræsaþaði), áframhaldandi sléttun á þýfi og uppgræðslu á sandi, eða grýttu landi. Var mold ekið í sand eða grýtt land til uppgræðslu? Var grjótnám úr grýttu landi notað í vörslugarða um það?

### **Hestaverkfæri og plægingar.**

Á hvað ári eða árum hefst jarðabótavinnu með hestaverkfærum (plógur, herfi)? Voru einstakir menn á eigin vegum, á vegum búnaðarfélaga eða annarra aðila, er ferðuðust um sveitir og unnu sáðsléttur að öllu leyti með plægingu, herfingu, sáningu, völtun o.s.frv.? Voru einstakir bændur, er önnuðust þetta að öllu leyti, hver fyrir sitt heimili? Segið frá einstökum mönnum, sem að þessu unnu. Segið frá frumkvæði búnaðarfélaga eða annarra aðila í þá átt að örva bændur til aukinna ræktunarstarfa með atbeina hestaverkfæra. Hvernig var greiðslum háttáð til plægingarmanna? Voru plógar íslenskir að smíði (Ólafsdalsplógar t.d.)? Voru herfi íslensk að smíði? Lýsið þessu.

Segið frá plægingahestum. Höfðu plægingamenn tvo ganga eða fleiri af plægingahestum?

**Segið frá fyrstu sáðsléttum í túnum.**

Hvað hétu einstakir hlutar aktygjanna? Hvernig voru óvanir eða baldnir hestar vandir við plógrátt?

Voru hestvagnar notaðir við tilfærslu á mold eða grjóti? Hvenær kom fyrsti hestvagninn í sveitina? Sýndu einstakir menn varúð og jafnvel ótrú í fyrstu á hestaverkfærum, m.a. af umhyggju fyrir hestunum?

**Engjapýfi.**

Hvenær hófust bændur handa við að slétta þúfurnar í engjunum? Urðu engi véltæk af áveitum einum saman? Voru smíðaðir sérstakir þúfnaskerar, dregnir af hestum, til að nota við sléttun á engjalöndum? Lýsið þúfnaskera ef tók eru á. Önnuðust bændur sjálfir um smíði þeirra? Var unnið að sléttun engja í áföngum frá ári til árs?

**Girðingar**

Var orðið vallargarður notað um garð, sem hlaðinn var um tún? Hvenær hefst það að marki að bændur fari að girða tún sín með hlöðnum gördum eða öðrum hætti? Var gerður greinarmunur á girðingu eftir því hvort hún var gripaheld eða fjárheld? Var orðið áhaldi notað um girðingu? Lýsið mismunandi hleðsluáferðum á tún- eða engjagörðum ef um þær var að ræða. Voru garðar hlaðnir úr sniddu með moldfyllingu og snidduhnyðja eða hnallur höfð til að þjappa hleðsluefnið? Voru garðar hlaðnir úr hnaus, kekkjum eða streng? Hvenær fer hleðsla að miðast við það að einn eða fleiri vírstrengir komi þar ofan á? Á hvaða tímabili eru girðingar einkum gerðar með þeim hætti að hlaðnar eru undirstöður (vörður) fyrir girðingastópa úr járn og vír strengdur á milli?